

Ed.

816. Frumvarp til laga

[466. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og annist félagið fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. Að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til hins nýja hlutafélags og skal þá hafa hliðsjón af mati sem framkvæma skal á eignum fyrirtækisins, þar með talin viðskiptavild.
- b. Að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu.
- c. Að selja $\frac{2}{3}$ af hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um að hlutafélag sem tekur við rekstri fyrirtækisins skv. 9. gr., skuli gefa fastráðnu starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú lögkjara samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hlutafélags skv. 9. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í hinu nýja félagi, þar með talda sölu hlutabréfa.

4. gr.

12. og 13. gr. falli brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

1. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ákvæði 9.–11. gr. hafa ekki komið til framkvæmda skal III. kafli laganna um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, halda gildi sínu um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar er svo kveðið á að ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum, sem stunda atvinnurekstur, verði boðin almenningi til kaups þar sem henta þykir.

Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð með lögum nr. 33/1936 og var veigamikill þáttur í starfsemi hennar að annast almenna landkynningu auk fyrirgreiðslu við erlenda ferðamenn. Áður fyrr naut Ferðaskrifstofa ríkisins þeirra víðtæku sérréttinda að hafa einkaleyfi til rekstrar ferðaskrifstofu og að nafninu til hélt þessi einkaréttur allt fram til ársins 1964. Enn fremur átti ferðaskrifstofan samkvæmt lögum frá 1936 að halda uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum. Um þetta eftirlit fer nú samkvæmt ýmsum sérlögum.

Á undanförunum árum og áratugum hafa orðið mjög miklar breytingar á ferðamannaþjónustu hér á landi svo telja má algera byltingu. Má þar helst til nefna að sett hafa verið lög um Ferðamálaráð sem hefur verið falið að hafa forustu um landkynningu og upp hafa risið fjölmargar ferðaskrifstofur sem keppa á markaði ferðaiðnaðarins. Má því segja að veigamikill hluti af upphaflegu hlutverki Ferðaskrifstofu ríkisins hafi verið falinn öðrum aðila auk þess sem flugfélögin og ferðaskrifstofur ástunda umfangsmikla landkynningu. Ekki er heldur nein sjáanleg þörf á því að ríkið haldi uppi rekstri þar sem blómlegur atvinnurekstur hefur risið upp sem er einfær um að veita þjónustu á þessu sviði.

Geta má þess að sérstök nefnd um minnkun ríkisumsvifa, sem skipuð var árið 1977, komst að þeirri niðurstöðu í áfangaskýrslu um Ferðaskrifstofu ríkisins í maí 1978 „að vinna beri að því að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins verði komið úr umsjón ríkisins“. Hugmyndir sama efnis hafa komið fram af og til síðan og m.a. er gert ráð fyrir því í gildandi lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, að stofnað verði hlutafélag um fyrirtækið og að starfsmönnum verði heimilað að kaupa allt að 30% hlutafjárins. Í kjölfar þeirrar lagasetningar fór fram mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins og Edduhótelanna en á hinn bóginn hefur enn ekki verið efnt til stofnunar hlutafélags um reksturinn svo sem fyrir er mælt í lögnum. Ákvæði III kafa gildandi laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, hafa því enn ekki komið til framkvæmda.

Meginþættir starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins eru fimm: í fyrsta lagi fyrirgreiðsla við skipulag utanlandsferða ríkisstarfsmanna, í öðru lagi rekstur hópferða, í þriðja lagi kynning á ferðum annarra ferðaskrifstofa, í fjórða lagi rekstur sumarhótela og í fimmta lagi að undirbúa og annast um ráðstefnur.

Verði frumvarpið að lögum munu þegar hefjast viðræður við starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins um kaup á $\frac{2}{3}$ hlutafjárins. Sú leið, þ.e. sala til starfsfólks, hefur áður verið farin við sölu ríkisfyrirtækja og gefist vel. Þá ber einnig á það að líta að í gildandi lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, eru starfsfólki gefin fyrirheit um að gerast eignaraðilar að Ferðaskrifstofu ríkisins þótt það ákvæði hafi ekki komið til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. gildandi laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, skal ríkisstjórn beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins og er ríkisstjórninni

heimilað að selja samtökum starfsfólks fyrirtækisins allt að 30% af hlutafjäreign ríkissjóðs á næstu fimm árum eftir stofnun hlutafélagsins. Nú er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að selja allt að $\frac{2}{3}$ af hlutafjäreign ríkisins í fyrirtækinu.

Áður en til sölu kemur skal skv. 1. gr. frumvarpsins framkvæma mat á eignum ferðaskrifstofunnar, þar með talin viðskiptavild.

Þeirri stefnumörkun gildandi laga er haldið að gefa starfsmönnum kost á forkaupsrétti að fyrirtækinu. Þetta er eðlilegt með tilliti til þess að það er öðru fremur sá kjarni sem byggt hefur fyrirtækið upp á undanförunum árum. Fyrirtækið er af viðráðanlegri stærð og þessi leið hefur áður verið farin við sölu ríkisfyrirtækja og gefist vel. Einnig má telja að lítil röskun yrði á þeim þætti sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur sinnt í íslenskum ferðamálum ef þessi háttur yrði á hafður.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um starfsréttindi. Þeir fastráðnu starfsmenn fyrirtækisins, sem eiga kost á sambærilegum störfum hjá fyrirtækinu eftir yfirtöku annars rekstraradila en ríkisins, skulu ekki njóta lögkjara sem opinberir starfsmenn. Er eðlilegt að jafnframt falli niður réttur til launa vegna niðurfellingar starfa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954. Um lífeyrismál þeirra fer eftir almennum reglum og þeim samningum sem starfsfólkið gerir sjálft um aðild sína að stéttarfélögum.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins eru nú 20 og taka allir laun samkæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og njóta lögkjara sem slíkir.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að það sé samgönguráðherra sem annist framkvæmdaatriði varðandi sölu Ferðaskrifstofu ríkisins enda er það hann sem ber stjórnskipulega ábyrgð á málefnum ferðaskrifstofunnar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt 22. gr. gildandi laga er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin ákvæðum IV. kafla um almennar ferðaskrifstofur. Verði frumvarp þetta að lögum munu um hana gilda sömu lagaákvæði og um aðrar ferðaskrifstofur.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 38. gr. gildandi laga nr. 79/1985 skal III. kafli laga nr. 60/1976, um Ferðaskrifstofu ríkisins, halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta hefur sá stofnfundur ekki verið haldinn og ákvæði III. kafla laga nr. 79/1985 því ekki öðlast gildi.

Hér er einnig lagt til að III. kafli laga nr. 60/1976 haldi gildi sínu þar til hlutafélag skv. 9. gr. frumvarpsins hefur verið stofnað.